

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Leikskólakennarar bera ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á uppeldi og menntun barna í leikskóla. Leikskólakennarar annast daglega verkstjórn og ber að þjálfu og leiðbeina starfsfólki sem er án leikskólakennaramenntunar. Nánar skal kveðið á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í starfslýsingu.

Fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara, sem sér um umönnun, uppeldi og menntun barna í leikskóla, skulu vera 8 barngildi samkvæmt reiknireglu 7. gr. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpurðun Vesturlands, kt. 530697-2829, til að reka urðunarstað í landi Fíflholta, Borgarbyggð. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 14. ágúst 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 14. ágúst 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Beggubúðar (Strandgötu 5), Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 25. júlí 2002 breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Beggubúðar (Strandgötu 5), Hafnarfirði.